

Dags eftirlits	30.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Heimili	Skútuvogi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Már Erlingsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Vífilsson	Staðsetning	733478,28 517684,715

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið komu fram tvö frávik, annað varðar olúgeyma sem hafa verið varanlega teknir úr notkun og hitt varðar ófullnægjandi geymslu hættumerktra efna. Ein ábending var sett fram varðandi að uppfæra þarf áætlun um tímabunda og varalega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olúbirgðastöð Gallon ehf. á Eskifirði þann 30. október sl.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Staða frá síðasta eftirliti
2. Starfsleyfi
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Vettvangsskoðun

1. Staða frá síðasta eftirliti.

Tvö frávik komu fram í síðasta eftirliti, annars vegar hvað varðar að virkni olúskilja er ekki fullnægjandi og hins vegar að merkingum á geymum er ábótavant.

Bráðabrigðaúrbætur hafa verið gerðar sem miða að því að tryggja virkni olúskilja, en viðvarandi landsig er á svæðinu. Vel er fylgst með framvindu mála og brugðist er við ef vart verður við truflanir á virkni olúskilja. Fráviki er haldið opnu þar til framtíðarlausn finnst.

Geymar og lagnir hafa verið merktar með fullnægjandi hætti. Fráviki er lokað.

Þrjár ábendingar voru settar fram í síðasta eftirliti, um að uppfæra þyrfti áætlun um tímabunda og varalega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið og að uppfæra þurfi öryggisblöð í möppu.

Öryggisblöð hafa verið uppfærð, en enn er eftir að uppfæra áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið.

2. Starfsleyfi

Starfsleyfi olúbirgðastöðvarinnar gildir til 31. janúar 2034. Heimilt er að geyma allt að 7.000 m³ af olíu í geymum í nyrðri þró stöðvarinnar, þar af í stærsta geymi allt að 3.500 m³ af olíu. Heimilt er að geyma allt að 2.150 m³ af olíu í geymum í syðri þró stöðvarinnar, þar af 1.030 m³ í stærsta geymi. Einnig er heimilt að taka á móti allt að 700 tonnum af úrgangsolíu á ári.

Vegna viðvarandi landsigs á athafnasvæði stöðvarinnar er engin olía geymd í þeim þremur geymum sem eru innan syðri þróarinnar. Í nyrðri þrónni er olía í tveimur geymum með annars vegar skipaolíu og hins vegar bíladísel. Engin úrgangsolía er geymd í stöðinni. Öll úrgangsolía er flutt jafnóðum á Neskaupsstað.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Olúskiljur kannaðar reglulega og skynjarar prófaðir og hreinsaðir. Mælingar á olíu í fráveituvatni eru gerðar á 3ja ára fresti og eru framkvæmdar með strímlum.

Afgreiðslulögn P10120 á skipabryggju Eskju er ofanjarðar að mestu eftir að neðanjarðarlögn féll á þrýstiprófun í janúar 2024. Prófað er með diesel eða vatni við tvöfaldan þrýsting eða 10 bör hvort heldur sem er hærra.

Geymar B201 og B202 stóðust ekki botnþykktarmælingar og voru teknir úr notkun í kjölfarið en síðasta skráða botnþykktarmæling þessara geyma var samkvæmt gögnum Umhverfis- og orkustofnunnar gerð 2008. Geymir B203

var tekinn úr nokun mars 2024 og hætt var að nota geymi B206 fyrir úrgangsolíu í júlí 2024. Í gr. 1.5 í starfsleyfi kemur fram að þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum og er þetta því frávik.

Í nyðri þrónni eru 2 geymar, annars vegar með skipaolíu og hins vegar með bíladísel. Geymir B204 var botnþykktarmældur í mars 2024 og geymir B205 var botnþykktarmældur í maí 2020.

Allar skráningar eru aðgengilegar í rekstrarhandbók.

4. Áætlanir og viðbrögð.

Öryggis- og viðbragðsáætlanir eru til staðar. Áætlun um tímabunda og varalega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið þarf að uppfæra.

Bráðamengunartrygging í gildi til 31. desember 2025.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitferða.

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er óbreytt.

6. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sé þau skjöl rsem send voru með boðun eftirlits, þ.e. leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunnar,

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

8. Vettvangsskoðun

Báðar lekaþrær stöðvarinnar eru steyptar. Syðri þróin er ónýtt vegna jarðsigs og olíuskiljan fyrir þá þró hefur verið aftengd frá fráveitukerfi sveitarfélagsins þar sem hún er óvirk. Til bráðabrigða er yfirborðsvatni sem safnast í syðri þróinna dælt með slöngu yfir þróarveggi í nyðri þróinna til meðhöndlunar í þeirri olíuskilju sem er virk. Frárennsli í syðri þrónni ætti ekki að mengast af olíu þar sem engin olía er geymd á geymum innan hennar og verður ekki um fyrirsjáanlega framtíð. Þá hefur verið settur niður jöfnunarbrunnur sem tekur við frárennsli af afgreiðsluplani, en dælt er úr honum yfir í olíuskiljuna sem tekur við frárennsli frá nyðri þrónni. Rekstraraðili telur að nauðsynlegt sé að aftengja syðri þróinna alveg frá þeirri olíuskilju sem er í notkun við nyðri þróinna til að minnka álagið á hana, þar sem sú olíuskilja er að sögn hans að öllum líkindum ekki hönnuð til að taka við frárennsli af öllu svæðinu eins og hún gerir í dag.

Sjávarfalla gætir í fráveitukerfi sveitarfélagsins sem getur haft áhrif á virkni þeirrar olíuskilju sem enn er í notkun. Til að koma í veg fyrir bakflæði úr fráveitukerfinu inn í olíuskiljuna, er hreinsað fráveituvatn úr olíuskiljunni leitt í jöfnunarbrunn sem dælt síðan er úr inn í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Hættumerkt þvottaefni eru geymd í neyðarsturtu við áðælingarplan. Ekki má læsa rýminu og því eru efnin aðgengileg fyrir alla. Setja þarf efnin í læsta, loftræsta geymslu með lekabyttu undir. Öryggisblöð fyrir efnin þrufa að vera aðgengileg á geymslustað. Þau eru núna í rekstrarhandbók í stjórnrými sem er ekki aðgengilegt frá áðælingarplani. Skv. gr. 3.9 í starfsleyfi skal við alla efnameðferð gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð og að við geymslu og meðhöndlun efna skuli takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Þetta er því frávik.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.5 í starfsleyfi	Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum. Á olíubirgðastöðinni eru olíugeymar sem hafa verið varanlega teknir úr notkun fyrir meira en 6 mánuðum síðan, þar sem sem þeir stóðust ekki botnþykktarmælingu.
Gr. 3.9 í starfsleyfi	Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Hættumerkt þvottaefni eru geymd við ófullnægandi aðstæður. Öryggisblöð eru

ÁBENDINGAR

1. Uppfæra þarf áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið fyrirtækisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir